**132. löggjafarþing 2005–2006.
Þskj. 347 — 163. mál.**

# Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um fyrri störf sendiherra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
*Hversu margir af þeim sem skipaðir hafa verið sendiherrar frá árinu 1995:*
*a. störfuðu áður innan utanríkisþjónustunnar og hlutu framgang í embætti sendiherra,*
*b. gegndu öðrum störfum, og þá hvaða störfum?*

Af þeim tuttugu og sjö sendiherrum sem hafa verið skipaðir frá árinu 1995 störfuðu fimmtán innan utanríkisþjónustunnar og hlutu framgang í embætti sendiherra.

Aðrir sem hafa verið skipaðir í stöðu sendiherra frá árinu 1995 gegndu eftirfarandi störfum: Ráðherrar (2), alþingismenn (3 fyrrverandi ráðherrar), ráðuneytisstjóri, framkvæmdastjóri heimastjórnarafmælisins, einn af þremur varaframkvæmdastjórum OECD, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, ráðgjafi forsætisráðherra í utanríkismálum, prófessor, útvarpsstjóri.